

**Nd.**

**195. Frumvarp til laga**

[115. mál]

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. des.)

**1. gr.**

1. gr. laganna orðist svo:

Með verðlagsákvarðanir fer 9 manna nefnd, verðlagsnefnd. 3 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands isl. samvinnufélaga. Niundi nefndarmaðurinn er ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti í forföllum hans. Viðskiptamálaráðherra skipar nefndina.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1969 og gilda til 31. des. 1969.